



# Árskógarskóli leik- og grunnskóli



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRöing

## Greinargerð um Grænfána vor 2022



## Árskógarskóli



## **Árskógarskóli, apríl 2022** **Greinargerð um Grænfána vegna umsóknar í sjötta sinn vorið 2022**

Árskógarskóli tók formlega til starfa 1. ágúst 2012 eftir að leikskólinn Leikbær og Árskógarskóli (Grunnskólar Dalvíkurbyggðar) voru lagðir niður og stofnaður nýr skóli tveggja skólastiga.

Leikskólinn Leikbær flaggaði Grænfána vorið 2012 og þegar nýr skóli tók til starfa var ákveðið að nemendur Leikbæjar flyttu fánann með sér í nýja skólann og haldið yrði áfram vinnu í anda Grænfána og sækjast eftir því að flagga Grænfána um ókomna tíð. Við lok framkvæmda á útisvæði fékk Grænfáninn stöng og var hylltur miðvikudaginn 11. september 2013, þann dag var jafnframt formleg skólasetning skólaársins 2013-2014. Grænfáninn var dreginn upp og hefur verið þar síðan og markaði það ákveðin tímamót í skólastarfinu.

### **Umhverfisnefndin**

*Hvernig var valið í umhverfisnefndina? Hverjir eiga þar fulltrúa? Hversu oft er fundað? Hvernig fara þeir fram? Hverjar eru helstu ákvarðanir sem nefndin hefur tekið? Gott er að fá dæmi um fundargerðir í fylgigögnum?*

### **Árskógarskóli**

Veturinn 2016-2017 var tekin sú ákvörðun til framtíðar að allir nemendur og starfsfólk skólans væru í Grænfánanefnd, Með þessu fyrirkomulagi gefst öllum kennurum skólans og nemendum tækifæri að koma að ákvörðunum í tengslum við verkefni og komið skoðunum sínum á framfæri. Hver bekkjardeild vinnur síðan verkefni með sínum umsjónarkennara. Verkefnisstjóri og umsjónarkennarar stýra vinnunni og bera ábyrgð á henni. Verkefnisstjóri í Árskógarskóla er Gitta U. Ármannsdóttir leikskólakennari. Fundir eru haldnir einu sinni á hverri önn.

Í september 2020 hittust allir í gæðastund og var það fyrri fundur vetrarins 2020-2021. Þrátt fyrir að ekki tókst að klára öll verkefni vetrarins 2019-2020 vegna Covid var ákveðið að velja nýtt þema. Farið var yfir hvaða þemu skólinn væri búinn með og hvaða þemu væru eftir. Haldin var kosning um þau þemu sem eftir eru, en þau eru Vatn og orka, Lífbreytileiki, og Náttúruvernd. Niðurstaða kosninga var að vinna með þemað náttúruvernd.

- [Allar fundargerðir má finna á heimasíðu skólans](#)



## Mat á stöðu umhverfismála og áætlun um aðgerðir og markmið

*Hvernig var staða umhverfismála metin? Var staðan metin í upphafi tímabils? Var staðan metin aftur fyrir umsókn? Var notast við umhverfisgátlista? (ekki skylda). Hverjir gerður það? Gott er að fá afrit af útfylltum gátlista í fylgiskjöllum með umsókninni. Þá jafnvel eins og staðan var í upphafi áður en hafist var handa eins og á þeim tíma sem sótt er um fánann.*

*Hvaða markmið voru sett? Hverjir settu markmiðin? Náðust markmiðin? Hvernig gekk það? Var notast við markmiðasetningablað Skóla á grænni grein? (ekki skylda). Hér má setja inn útfyllt markmiðssetningareyðublað eða senda það með sem fylgiskjal.*

## Árskógarskóli:

Náttúruvernd snýst um verndun lífbreytileika og að við skoðum hvernig við göngum um náttúruna, hvaða áhrif það hefur á hana og hvað við getum gert til að viðhalda henni. Náttúruvernd miðar einnig að því finna leiðir til að auðvelda fólki að ganga um náttúrunna án þess að hún verði fyrir skemmdum. Okkur fannst erfitt að meta stöðuna með gátlistum og var því ákveðið að halda umræðufund.

Á sameiginlegum fundi í október 2020 var rætt um hver staðan á umhverfinu í kringum skólann væri. Niðurstaðan var að hún væri nokkuð góð en búið er að gróðursetja í land sem á sínum tíma var illa gróið hér næst skólanum og því ekkert svæði hér alveg í næsta nágrenni sem hægt væri að taka í fóstur. Umræður urðu einnig um hvaða áhrif við höfum á náttúruna s.s með byggingum, ýmsar framkvæmdir og útivera okkar og markmið voru sett.

Á þessum tíma, var hér á landi mikið um jarðskjálfta og litaðist því öll umræða af því. Mikilvægt var að nemendur öfluðu sér upplýsingar um viðbrögð við jarðskjálftum og afleiðingum þeirra. Ákveðið var að tengja þessa vinnu við Grænfána verkefnið og sett voru fimm markmið: Þessi fimm markmið tengjast í gegnum þarfir mannsins og umgegni hans við náttúruna t.d.. húsnæði, fatnaður, og fæði.

*Að fræðast um: Hvað náttúran er öflug, eldgos, jarðskjálftar.*

*Áhrif mannsins og náttúruhamfara á náttúru og dýralíf.*

*Hvernig uppbyggingu sé best háttað eftir rask mannsins og jarðhræringu.*

*Ræktun grænmetis.*

*Framleiðsla fatnaðar og áhrif framleiðslunnar á umhverfið.*

Ákveðið var að skipta verkefnum á milli bekkjardeilda og hver bekkjardeild yrði með fræslu á grænfána þingum sem haldinn eru á hverjum vetri. Jafnframt að kennarar kæmu með fræðslu á



gæðastund af og til. Kennarar og verkefnisstjóri deildu verkefnum á bekkjardeildir og skiptu nemendum í nokkra verkefnahópa.

## Eftirlit og endurmat

*Hvernig gekk að ná settum markmiðum? Hvernig var eftirliti sinnt, þ.e. hvernig var séð til þess að markmiðin næðust? Var farið reglulega yfir markmið og aðgerðaráætlun til að fylgjast með stöðu mála? Hefur staða umhverfismála verið metin að nýju eftir úrbætur? Hverjir sjá um eftirlit og endurmat?*

Fræðsluskrifstofa Dalvíkurbyggðar fylgir eftir að starfsáætlun sé fylgt og þar inni er vinna við Grænfána. Virkt eftirlit og stuðningur við verkefnið er frá fræðslustjóra sem og fræðsluráði. Umhverfisnefndin ber ábyrgð á að unnið sé eftir markmiðum og að eftirliti sé sinnt. Verkefnisstjóri heldur utan um að verkefnið sé unnið og í samráði við deildarstjóra hvenær þing og fræðsla skulu haldin. Unnið var að öllum markmiðum sem sett voru en þau fengu að þróast eftir áhuga nemendahópanna. Á kennarafundum var farið reglulega yfir hvort að markmiðum væri náð og hvort að allir nemendur skólans væru þátttakendur.

## Námsefnisgerð og tenging við Aðalnámská

*Hvaða verkefni voru unnið með nemendur til að ná fram markmiðum? Hafa allir nemendur skólans tekið þátt í verkefni sem tengist þemanu sem unnið var á tímabilinu? Er verið að vinna önnur verkefni í skólanum sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum sem tengjast ekki endilega markmiðum þess tímabils? Er almenn áhersla á sjálfbærnimenntun innan skólans? Hvernig tengast áherslur í verkefninu áherslum Aðalnámskrár eða námskrá skólans?*

## Grænfánaþing

Í verkefninu Áhrif jarðskjálfta og eldgosa var ákveðið að verkefnisstjóri í samvinnu við umsjónarkennara/hópstjóra útdeildu verkefnum. Leikskólastig vann með hvernig eigi að bregðast við jarðskjálfta. 1-3 bekkur vann með hverjar geta verið afleiðingar af jarðskjálftum og eldgosum og hvaða áhrif það hefur á náttúruna og jarðarbúa. Jafnframt hvað er nauðsynlegt að hafa með sér þegar yfirgefa þarf heimili. 4-7 bekkur skoðuðu hvernig er hægt að byggja upp samfélögin aftur í sem mestri sátt við náttúruna. Myndrænn afrakstur verkefnisins hefur prýtt vegg skólans í vetur. Allir nemendur og starfsfólk komu síðan saman á Grænfána þing sem haldið var 27. Jan 2021. Þar kynnti hver bekkjar- og leikskóladeild sín verkefni fyrir hverju öðru.

## Grænfánaþing jan 2021

**Leikskóladeild.** Hvernig á að bregðast við jarðskjálftum?

Leikskólinn lærði viðbrögð við jarðskjálfta í gegnum söguna um Alvar og Alvör sem lenda í jarðskjálfta. Mikil umræða varð um söguna og hvernig við gætum brugðist við t.d. ef við erum í leikskólanum. Nemendur útbjuggu kynningarefni ásamt kennurum og máluðu eldgos.

Alvar og Alvör. Af neti 12.04.2022

[https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2016/07/LITABOK\\_vef.pdf](https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2016/07/LITABOK_vef.pdf)

## 1-3 Bekkur

Skólaárið 2020 – 2021 var 1. – 3. bekkur með verkefnið „hvað þarf að hafa með sér þegar heimili er yfirgefið, og hverjar eru afleiðingar á náttúru og jarðarbúa?“ Við skyggndumst inn í hvað það þýðir þegar jarðskjálftar eiga sér stað, hvað getur gerst fyrir mannvirki og sérstaklega heimili fólks.

Við lærðum að það er gott að hafa neyðartösku á heimilinu ef náttúruhamfarir eiga sér stað. Við flokkuðum nauðsynlega hluti (vasaljós, útvarp, sími) frá ónauðsynlegum hlutum (tölvur, nammi, sjónvörp). Þau teiknuðu sínar eigin töskur og teiknuðu svo nauðsynlega hluti inn í þær. Farið var í þetta á þeim tíma þegar skjálftahrina átti sér stað fyrir utan Eyjafjörð, og var þetta því mikill lærdómur.

## 4-7 Bekkur

4.-7. bekkur vann verkefni um það hvernig hugsanlega væri best að hreinsa upp eftir afleiðingar jarðskjálfta á umhverfisvænan hátt. Mikil rannsóknarvinna og heilabrot fóru í gang og afraksturinn má sjá á meðfylgjandi glærusýningu.

## Glærukynning Jarðskjálfti

### Grænfánaþing jan 2022

Á seinna grænfánaþingi var unnið með markmiðið hvaða áhrif mannfólkið hefur á náttúru/dýralíf. Skoðað var hvernig dýralíf breytist við náttúruhamfarir og breytingar á loftslagi. Skoðað var hverjir væru nýbúar og af hverju, útrýmingarhætta og af hverju.

### Leikskóladeild

Leikskólinn kynnti sér hvaða áhrif eldgos hafa á gróður og dýralíf. Þau komust að þeirri niðurstöðu að dýrin þyrftu að flytja fyrst um sinn en að sum dýr snúi aftur og ásamt öðrum dýrum. Einnig að gróðurinn breytist mikið við eldgos. Þau máluðu eldgos og hvernig umhverfið breytist og kynntu á Grænfánaþingi.

### 1-3 Bekkur

Skólaárið 2021 – 2022 vorum við að vinna með dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Kennari valdi nokkur dýr og nokkrar plöntur og leyfði nemendum svo að kjósa um tvennt af hvoru. Fyrir valinu urðu landselur, lundi, glitrós og skeggburkni. Nemendum var skipt í fjóra hópa og vann hver hópur með sitt. Þau unnu með vefsíður einsog ni.is






og gerðu plakat með upplýsingum og myndum. Hver nemandi teiknaði sína útgáfu af plöntunni/dýrinu og hefur þetta verkefnið hangið á veggjum skólans síðan.

## 4-7 Bekkur

4.-7. bekkur vann verkefni um það að loftslagsbreytingar eins og hlýnun jarðar geti bætt lífsskilyrði sumra dýrategunda en haft neikvæð áhrif á aðrar. Þau byrjuðu á því að vinna rannsóknarvinnu á dýrum sem hafa ýmist hrakist frá Íslandi eða bæst við dýraflóru landsins vegna hlýnunar loftslagsins. Nemendum var skipt í hópa og hver hópur valdi sér einhver dýr til þess að fjalla um og sjá má afraksturinn á meðfylgjandi glærusýningum.



## Glærुकynning 1

## Glærुकynning 2

## Glærुकynning 3

## Önnur verkefni:

### Útikennsla

Eftir mikla umræður um eldgos og náttúruhamfarir var snjórinn skoðaður og hvort hann gæti talist sem náttúruhamfarir. Það var rætt um snjóflóð, óveður, skemmtanagildi og hvenær við þyrftum að varast hann og hvenær ekki. Þá var skoðað sérstaklega varasöm snjóalög og farið í næsta umhverfi og skoðað slíkt.



## Yngri bekkjardeild

Nærumhverfið okkar var skoðað sérstaklega hvernig það er uppbyggt, erum við í hættu að fá eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð. Nemendur fóru og málaðu heimabyggðina í snjó. Unnu með kort af heimabyggðinni og lærðu að lesa út úr kortinu.



## Eldri bekkjardeild

Í útikennslu hafa nemendur 4-7 bekkjar unnið verkefni tengt heimabyggðinni. Hugsunin var að tengja það við þema Græn fánans, Náttúruvernd þ.e. hvað væri hægt að gera í nærumhverfinu og að tengja það áhugasvið þeirra. Nemendurnir skoðuðu hvað væri hægt að gera í næsta nágrenni með því að skoða bæklinga, bækur og fóru á netið. Þau skoðuðu auglýsingar af svæðinu og hvað væri gert til að fólk vissi af þessum stað. Þeim fannst heldur fátæklegar upplýsingarnar sem þau fundu og ákváðu í kjölfarið að útbúa bækling eins og þau sjá sína heimabyggð. Nemendur veltu því einnig fyrir sér hvernig væri hægt að koma bæklingnum sem víðast með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Var ákveðið að setja bæklinginn á heimasíðu skólans og biðja alla að deila.

<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Arskogarskoli/2021-2022/Grunskolastig/utiskoli/samansett-verkefni.pdf>



## Leikskólastig

Vorið 2021 ákvað leikskólastig að sá grænmeti. Markmiðið var að fræðast um ferlið í ræktun og að geta borðað uppskeruna. Fyrir valinu urðu paprika og tómatar. Einnig var sáð sólblómafræum aðallega til skemmtunar. Nemendur sinntu plöntunum og fræddust um vaxtarferlið. Boðið var upp á tómata og papriku sem álegg á brauð og með hádegisverði. Þegar kom að sumarlokun leikskólans var foreldrum boðið að taka plönturnar í fóstur.



Paprikuplanta

Vorið 2022 ákváðu leikskólanemendur og kennarar að sá einhverju sem hægt væri að borða fljótlega eftir sáningu og væri ekki eins fyrir ferðamikið og tómata- og paprikuplöntur. Fyrir valinu varð karsi, en einnig var sáð gulrótum og skjaldfléttu. Skjaldfléttunni var sáð í glærar krukku og í moldina settu nemendur pappír og leikföng með það að markmiði að sjá hvað af þessu er niðurbrjótanlegt og að sjáræturnar vaxa. Börnin hafa vökvað og fylgst með plöntunum vaxa og dafna. Á Gæðastund 6. Apríl sýndu leikskólabörn afraksturinn og hlutina í moldinni. Grunnskólabörnin voru mjög áhugasöm og fengu í framhaldinu að smakka karsan.



Vaxtarferli Sólblóma



Leikskólabörnin unni sérstaklega með fugla yfir sumartíman. Þau fóru í margar gönguferðir til að skoða og hlusta á fugla. Börnin fóru á netið til að skoða þá enn betur og lærðu um einkenni þeirra. Þau völdu sér síðan fugl sem þau teiknuðu upp af myndvarpa og máluðu síðan.



Leikskólabörnin náðu í snjó og settu hann í bakka og í sturtunni. Þau máluðu hann síðan með vatnslitum og fylgdust með þegar hann umbreyttist hægt og rólega í vatn. Þau tóku eftir því að málningin breyttist og rann betur saman við vatnið. Þau léku sér með snjóinn á meðan hann var að bráðna.



Listasýning var haldin í Bergi í febrúar. Verkefnið var samstarfsverkefni Safna Dalvíkurbyggðar og leikskólanna í Dalvíkurbyggð. Elsti árgangur leikskólanna heimsóttu Byggðasafnið Hvol og fengu kynningu á safninu og fjölbreyttum safnkosti þess. Að kynningarferð lokinni völdu börnin sér einn mun til að nota sem efnivið í listaverkið sitt og var listræn útfærsla alfarið í höndum þeirra. Börnin í Árskógarskóla völdu fugla og máluðu þá á blindamma. Umræður urðu um hvar fuglarnir búa á Íslandi og hvort mannfólkið eða náttúrhamfarir hafi áhrif á búsetu þeirra.



Þó að plokkunardagurinn bæri upp um helgi var hann haldin hátíðlegur hér í skólanum og allt nánasta umhverfi skólans plokkað





Skógreiturinn okkar er mikið nýttur og höfum við verið að búa til skýli úr greinum sem var búið að grisja. Við höfum farið í allskonar leiki til að samlagast náttúrunni og lesa hana betur þar er feluleikurinn og úlfur úlfur skemmtilegastir. Þá er alltaf gaman að nýta náttúruna og búa til álfahús.



## Handmennt

Í handmennt hefur verið lögð áhersla á að endurnýta efni s.s. að klippa niður handklæði og sauma þvottastykki. Einnig að velja efnivið s.s. ull og bómull fram yfir gerviefni. Nemendur hafa unnið mikið með ull til þæfingar, saumað út og unnið myndverk úr afgangsefnum og garni. Nemendur bjuggu til kolkrabba í smíðum sem að þau fléttuðu síðan fætur á í handmennt úr afgangsgarni.



Nemendur unnu með ljóð, skáldverk, þjóðsögur og ævintýri sem tengjast náttúrulegum svæðum í nærumhverfinu. Árshátíð var haldin í apríl 2022. Þar var þemað draugasögur af Eyjafjarðarsvæðinu sem var staðfært að Árskógsströnd, þ.e. nærumhverfi skólans.



## Kynning á stefnunni

Hvernig kynnti skólinn stefnu sín og starf út á við? T.d fyrir foreldum og nærsamfélagi, stofnunum og fyrirtæjum í hverfinu, sveitarfélaginu? Fóru fram kynningar, foreldrafundir, opin hús, útgáfa, eða annað? Hefur umhverfisstefna skólans haft áhrif út fyrir skólann sjálfan?

Allar fundargerðir og glærुकynningar eru settar á heimasíðu skólans. Jafnframt er upplýst um grænfána verkefni í föstudagspóstum til foreldra og í skýrslu skólans til sveitarfélagsins. Ekki var haldin kynning fyrir foreldra og nærsamfélagið vegna Covid.

## Umhverfissáttmálinn

Skólinn þarf að hafa gert umhverfissáttmál og sett sér ákveðnar og skjalfestar starfsreglur hvað varðar umhverfismál. Hvernig var sáttmálinn unninn og hverjir komu að gerð hans? Umhverfissáttmáli skal fylgja umsókn. Umhverfissáttmáli getur verið skýr umhverfsstefna (t.d. í framhaldskólum, háskólum), slagorð eða lag (t.d. í leikskólum og grunnskólum).

## Árskógarskóli

Umhverfisnefnd hittist í Gæðastund 22. Sept. 2021. Ákveðið var að hafa umhverfissáttmálann óbreyttan en hann var gerður í byrjun árs 2018. Ef horft er til þeirrar vinnu sem fram hefur farið tengt Grænfánum má sjá að sáttmálinn er enn í fullu gildi. Hins vegar var ákveðið að búa til slagorð. Ýmsar tillögur komu fram og var síðan kosið um tillögurnar. Sú sem varð fyrir valinu er: **Hugsum vel um jörðina og hún hugsar vel um okkur.**

Nokkrir nemendur í eldri bekkjum skólans tóku þátt í Friðarveggsþjaldakeppni Lions og var þemað í ár „We are all connected“. Ákveðið var að velja eitt verk eftir nemenda skólans til að myndskreyta slagorðið. Okkur þótti öllum að þema Lions undirstriki það að allar gjörðir okkur hvar sem er á hnettinum hefur áhrif á alla aðra íbúa hnattarins og samvinnist því slagorði okkar.





## Umhverfissáttmáli Árskógarskóla

Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og verndum náttúruna og allt líf sem í henni býr. Við lærum á náttúruna í okkar nánasta umhverfi og njótum þess að vera hluti af henni. Við göngum vel um, verndum og hvetjum aðra til þess að gera slíkt hið sama. Við temjum okkur hófsemi og gætum þess að allt sem frá okkur fellur sem sorp sé endurnýtt eins og kostur er en hafi að öðru leyti sem minnst skaðleg áhrif. Við leggjum okkur fram við að skilja vel við náttúruna svo næstu kynslóðir geti notið þess að umgangast hana.

## Leiðir skólans til að uppfylla sáttmálann eru meðal annars þessar:

- við flokkum rusl og sendum til endurvinnslu
- við endurvinnum og endurnýtum það sem við getum notað
- við drögum úr notkun rafmagns
- við látum ekki vatn renna að óþörfu
- við gætum að hitastillingum á ofnum
- við hvetjum til að drepið sé á kyrrstæðum bílum
- við nýtum nánasta umhverfi og efnivið náttúrunnar í leik, námi og kennslu
- við lærum um staðhætti og söguminjar í nágrenni skólans
- við virðum gróðurinn í umhverfinu og plöntum trjám
- við ræktum grænmeti og matjurtir
- við hugsun vel um umhverfið okkar til dæmis með skipulegri ruslahreinsun
- við höfum öll tækifæri til að koma hugmyndum um umhverfismál á framfæri

## Lokaorð

Á síðasta fundi umhverfisnefndar sem haldin var 6.apríl 2022 var endanleg útfærsla á slagorðinu sýnd og var mikil ánægja um hvernig til tókst. Umræður urðu um hvað nemendur og kennarar höfðu fræðst um síðustu tvö ár í tengslum við Græn fánann og jafnframt rifjað upp. Við fræddust heilmikið um hvað jarðskjálftar og eldgos geta verið öflug og að öllu máli skiptir hvernig við bregðumst við og byggjum upp eftir náttúruhamfarir. Einnig hvað náttúruhamfarir og hlýnun jarðar hefur mikil áhrif á gróður og dýrategundir á Íslandi. Við erum mun meðvitaðri t.d. um úr hverju föt okkar eru gerð og hvernig föt við ættum að velja okkur í framtíðinni með umhverfismál í huga. Einnig hvað plast er orðið algengt í umhverfinu og hversu auðveldlega það kemst þangað. Frekar einfalt getur verið að rækta sitt eigið grænmeti. Mikilvægt er að velja sem oftast það sem minnst áhrif hefur á lífríkið og að vernda það. Þegar horft er til baka verður okkur ljóst hvað Covid hafði í raun mikil áhrif á verkefni tengd Græn fánanum. Bæði vegna þess að minni blöndun var á milli hópa vegna takmarkana á ákveðnum tímabilum og einnig vegna mikillar fjarveru starfsfólks og barna vegna veikinda. Auk þess sem ekki var haldin kynning/sýning fyrir foreldra.